



Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson

meinfýsi í endurminningum sínum að nú væri hann orðinn „gjaldþrotabogi“. Og hann stjórnaði kosningabaráttu sambandsins fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 2014, þar sem eitt viðkvæðið var að eins gæti farið fyrir Skotlandi og Íslandi ef samstarfið við Englandsbanka væri rofið.

Þótt Öygard fjölyrði síðan í bók sinni um vinarþel Norðurlandþjóða í garð Íslendinga var framkoma þeirra einnig áhæðisverð. Þær studdu Breta í Icesave-deilunni, þegar þeir beittu Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í því skyni að neyða Íslendinga til að viðurkenna skuld sem þeir höfðu aldrei stofnað til. Ólíkt höfðust Pólverjar og Færeyingar að, sem veittu Íslendingum lán án nokkurra skilyrða og á hagstæðum kjörum. Og í Noregi hirtu kaupþýslumenn í nánú sambandi við stjórnmálamenn eigr íslensku bankanna á smánaverði, meðal annars vegna þess að norskir seðlabankinn neitaði að veita dótturfélögum íslensku bankanna eðlilega lausafjárþyrirgreiðslu, þótt þau væru norsk félög, skráð í Noregi og greiddu þar skatta.

Missagnir

Öygard talaði við fjölda manns þegar hann var að skrifa bók sína, þar á meðal nokkrar landskunnar rægtungur. Ýmsar missagnir kunna þess vegna að hafa slæðst inn í bók hans, þótt hér verði fátt eitt nefnt. Hann skrifar: „Lán frá Kaupþingi fjármagnaði 70 prósent af kaupverði Landsbankans“ (bls. 44). Hann á að vísu við Búnaðarbankann, sem síðar rann inn í Kaupþing, en það er ekki aðalatriðið. Lánið frá Búnaðarbankanum, sem Samson, kaupandi 45,8% hlutar í Landsbankanum, fékk í apríl 2003 var 35% kaupverðsins og það var að fullu greitt þegar árið 2005. Að öðru leyti greiddi Samson fyrir bankann með eigin fé í tveimur greiðslum. Öygard segir að einn bréfavöndull Landsbankans, Avens, sem lagður var inn fyrir evruláni frá seðlabanka Lúxemborgar, hafi verið „einn þriðji bankainnstæður og tveir þriðju verðbréf“ (bls. 274). Hér er eitthvað máluð blandið. Bankainnstæður eru kröfur á banka, skuldir þeirra við innstæðueigendur, svo að þær hafa ekki verið veð. Veðin í Avens-vöndlinum voru að mestu leyti skuldabréf með ríkisábyrgð og að einhverju leyti bankabréf. Öygard segir að kaup Mohammed bin Khalifa al-Thani á hlutabréfum í Kaupþingi rétt fyrir bankahrunið hafi verið „með öllu áhættulaus“ (bls. 80), því að Kaupþing hafi lánað honum fyrir viðskiptunum. En Al-Thani skrifaði undir sjálfskuldarábyrgð og gerði að

lokum samkomulag við bú Kaupþings um að greiða því 3,5 milljarða króna.

Stundum verður frásögn Öygards ruglingsleg. Hann lýsir til dæmis viðskiptum Kaupþings og Deutsche Bank, sem virðast hafa átt að stuðla að lækkun skuldtryggingarálags, en segir um leið frá því að Kaupþing hafi greitt Deutsche Bank 50 milljónir evra af neyðarláninu sem það fékk frá Seðlabankanum 6. október. Þetta var þó alveg sitt hvað (bls. 94-95). Öygard fullyrðir ranglega að Kaupþing og Landsbankinn hafi notað dótturfélög til að safna innlánnum erlendis (bls. 137). Í Bretlandi notaði Landsbankinn til þess útibú, ekki dótturfélag, eins og raunar kemur skömmu síðar fram í textanum. Þetta var auðvitað aðalatriði í Icesave-deilunni. Öygard fer einnig rangt með nafn þess starfsmanns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem sá um að hrinda áætlun sjóðsins í framkvæmd. Hann er Dani og heitir Poul Thomsen, ekki Thompson (bls. 165). Öygard segir margt um Bakkavararbræður. En hann virðist ekki hafa kynnt sér sögu þeirra nógu vel. Það var Exista sem átti Bakkavör en ekki öfugt (bls. 332). Og Bakkavör féll ekki, heldur lifir enn góðu lífi (bls. 333).

Endurreisnin

Öygard reynir að skrifa bók sína í aðgengilegum rabbstíl, en hann er ekki leikinn rithöfundur, svo að honum tekst það misjafnlega. Stundum er erfitt fyrir lesandann að halda þræði, til dæmis á bls. 373, þar sem eitthvað virðist vanta inn í frásögnina. Í lokin leitar Öygard skýringa á hinna skjótu endurreisn íslensku hagkerfisins. Nefnir hann aðallega þrennt – að reisa varnargarð, þegar lánardrottinn og skuldunautar reyna að flytja vanda sinn yfir á þjóðina, að gera allt í einu lagi (ef ég skil hann rétt, en skrif hans um það eru afar óskýr) og að stuðla að hagvexti og atvinnuþátttöku, en þar skari Íslendingar fram úr (bls. 397). Öygard hefur rétt fyrir sér um varnargarðinn, enda lagði Seðlabankinn áherslu á þá hugmynd, og eftir nokkrar tafir var hún framkvæmd góðu heilli. En tvennt annað réð áreiðanlega miklu um hina skjótu endurreisn. Annað var það úrslitaatriði að íslenska hagkerfið hvíldi á traustum stöðum, ekki sist vegna hinna víðtæku umbóta í frjálsræðisátt árin 1991-2007. Hitt var að ríkisstjórninni 2013-2016 tókst að ná hagstæðum samningum við kröfuhafa gömlu bankanna, svo að uppgjör við þá raskaði ekki jafnvægi í þjóðarbúskapnum.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ferðasaga Sölvi Björn Sigurdsson segir Salt skáldsögu frá sögulegum tíma, en þó ekki sögulega skáldsögu.

Flóðið nálgast

BÆKUR
ALEXANDER GUNNAR
KRISTJÁNSSON



Skáldsaga

Selta ★★★★★

Eftir Sölva Björn Sigurdsson.
Sögur, 2019. Innb., 273 bls.

Skáldsaga frá sögulegum tíma, en þó ekki söguleg skáldsaga. Með þeim orðum lýsir Sölvi Björn Sigurdsson nýjustu bók sinni *Seltu* og þau hafði ég sem greytt í huga mér við lesturinn. Ómálga barn utan úr heimi dúkkar upp undan ströndum Hjörleifshöfða á haustmánuðum 1839 og það kemur í hlut landlæknis og sendinefndar hans að reyna að komast á snodir um uppruna þess. Og þó, barnið talar eitthvað?

Selta hefur augljósa skírskotun til samtímans og samskonar örlaga fjölda fólks á okkar tímum, frammi fyrir skeytingarleysi umheimsins. Með óræðum lýsingum af uppruna drengsins gefst lesandanum kostur á að geta í eyðurnar, nú eða taka það sem gefinn hlut að börn reki á land úr fjarlægum heims- hlutum.



Bókin er ferðasaga, og áfangastaðurinn Skaga- fjörður, en þó ekki síður heimurinn sem bíður drengsins handan haf- ins. Það fer höfundi vel að geta skrifað laus við formkröfur sögu- legra skáldsagna, en fyrir vikið verður frásögnin lípur og laus við óþarfa tilgerð þótt einhverjum

kunni að þykja einkennilegt að sjá nútímaslettur í orðfari 19. aldar manna.

Sagan er ekki síður saga vísindanna og skrifuð í formi skýrslu sem senda þarf til yfirboðaranna í Kaupmannahöfn. Höfundur hefur ljóslega sótt í brunn eldri ferðasagna sem ljá lýsingum á ófullkominni læknisfræði þess tíma trúverðugleika samtímis sem hún veitir innsýn í þá miklu umbrotatíma sem fram undan eru á sviði vísinda og menntamenn átta eftir að bera á borð landsmanna. Smjörþefinn af þeim fær lesandinn í gegnum dagblöð landlæknis, sem les dolfallinn um gufuknúna skóflu og uppgötvun fjarlæggra sólkerfa. Allt minnr þetta lesandann á hve fjarlægur umheimurinn var Íslandi um aldir, og þá staðreynd að slíkt myndi fljótt breytast. Það eru ekki bara börn sem eru tekin að flæða til landsins!



Páskar í Pétursborg

Vor 5

Fararstjóri: Pétur Óli Pétursson

8. - 13. apríl

Pétursborg er án efa miðstöð menningar og lista og hafa bókmenntir, tónlist og leiklist þaðan mikla þýðingu um heim allan. Við skoðum m.a. virki heilags Péturs og Páls, dómkirkju heilags Ísaks og Hermitage safnið í Vetrarhöllinni. Hér er því margt sem gleður augað og margir hápunktar!

Verð: 194.400 kr. á mann í tvíþýli. Mjög mikið innifalið!



Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík